



# VESTURBYGGÐ AÐALSKIPULAG 2018-2035


## BREYTT LEGA MJÓLKÁRLÍNU 2




Gildandi aðalskipulag, mkv. 1:75.000



Breytt aðalskipulag, mkv. 1:75.000



Gildandi aðalskipulag, þéttbýlisuppráttur Bildudalur mkv. 1:10.000



Breytt aðalskipulag, þéttbýlisuppráttur Bildudalur mkv. 1:10.000

Bæjarstjórn Vesturbyggðar hefur samþykkt að láta gera óverulega breytingu á Aðalskipulagi Vesturbyggðar 2018-2035. Breytingin er á sveitarfélagsupprætti sem og á þéttbýlisupprætti Bildudals þar sem verið að lagfæra strenglega Mjólkárlínu 2.

Meginmarkmið framkvæmdarinnar er að auka áreiðanleika raforkuafhendingar á sunnanverðum Vestfjörðum. Verkefnið felst í lagningu jarðstrengs frá Mjólkárvirkjun í botni Borgarfjarðar að Hrafseyri og þaðan í sæstreng yfir Arnarfjörð með landtöku á Háganesi austan Bildudalsvogs. Frá Háganesi er gert ráð fyrir að jarðstrengurinn liggji ofan þjóðvegjar og Litluveyrara, þar til hann þverar dalinn neðan íþróttasvæðis, og þaðan að iðnaðarsvæðinu við Hól.

Þann 26. júlí 2021 gaf Skipulagsstofnun út ákvörðun sína um að framkvæmdin skyldi ekki vera háð mati á umhverfisáhrifum. Við hönnun strengsins hefur landtaka hans við Háganes verið nánar útfærð í samráði við landeigendur. Ekki er talið að breytingin hafi í för með sér breytt umhverfisáhrif og því ekki þörf á að tilkynna breytinguna til Skipulagsstofnunar.

Í Aðalskipulagi Vesturbyggðar 2018-2035 þarf að gera breytingu á landtökustaðnum sem og litlar tilfæringar á strenglegunni í landi og út á sjó. Í samráði við landeigendur hefur landtökustaðurinn verið færður um 300 m utar á Háganesi, litlu vestan við afleggjara út á nesið. Í sjó liggur sæstrengurinn u.þ.b. 400 m austan við akkerislægi Bildudalshafnar.

Ekki eru gerðar breytingar á greinargerð aðalskipulagsins.

Bæjarstjórn Vesturbyggðar telur breytinguna sem hér hefur verið lýst sem óverulega skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Meðfylgjandi skipulagsgögnum er gátlisti fyrir mati á því hvort breyting geti talist óveruleg. Þar eru settar fram spurningar sem svarað hefur verið.

### SKÝRINGAR

#### Byggð

- Landbúnaðarsvæði (<200m y.s.)
- Óbyggð svæði (>200m y.s.)
- Bæjarnafn
- Býli í ábúð
- Býli ekki í ábúð (eyðibýli)
- Vitar / neyðarskýli SVFÍ (til skýringar)
- Þéttbýlissvæði - sjá sérupprátt
- Íbúðarbyggð (IB)
- Miðsvæði (M)
- VP Verslun og þjónusta (VP)
- S Samfélagsþjónusta (S)
- AT Athafnarsvæði (AT)
- I Iðnaðarsvæði (I)
- E Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E)
- F Frístundarbyggð (F)
- AF Afþreyingar-ferðamannasvæði (AF)
- IP Íþróttasvæði (IP)
- K Kirkjugarður og grafreitir (K)
- OP Opið svæði (OP)
- SL Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL)

#### Verndarsvæði

- ##### NÁTTÚRUVERNDARSVÆÐI
- Friðlýst svæði skv. náttúruverndarlögum
  - Hverfisvernd vegna náttúru og/eða búsetuminja

#### ÞJÓÐMINJAVERNDARSVÆÐI

- Friðlýstar fornleifar skv. þjóðminjalögum
- Friðlýst hús

#### Veitur

- ##### RAFVEITA
- Háspennulínur 132 kV
  - Rafstrengur 66 kV
  - Fjarskiptamastur

#### Samgöngur

- Stofnvegur
- Tengivegur
- Aðrir vegir, einvörðungu til skýringar
- Gönguleiðir

Aðalskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð, skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í bæjarstjórn Vesturbyggðar þann 20.4.2024

*Þóris Þóris*  
BÆJARSTJÓRN  
BÆJARSTJÓRN

bæjarstjórinn í Vesturbyggð

Afgreiðsla skipulagsins var auglýst þann 22.4.2024

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann 29.4.2024

*Þóris Þóris*  
SKIPULAGSSTOFNUN

BR DAGS BREYTING REKNI TEKN

VESTURBYGGÐ  
AÐALSTJÓRN 78 - 400 2300

LANDMÖTUN • HAVRABORG 12 - 200 KÖPAVOGUR • S: 575 5300 - KT: 561204-2760 - NETF: landmotun@landmotun.is

AÐALSKIPULAG VESTURBYGGÐAR 2019-2035  
ÓVERULEG BREYTING  
Mjólkárlína

SVEITARFÉLAGS- OG  
ÞÉTTBÝLISUPPRÁTTUR

SKIPULAG: ÖÖG  
TEKNAÐ: ÖÖG  
SAMÞYKKT: ÖÖG  
KT.

KVARDI: 75.000/10.000 KÖPAVOGUR DAGS: 04.03.2024  
VERKNR. TEKN. NR.

4609-SA2403 00